


Grunnskólinn á Þórshöfn

Valgreinar á 1. Valönn

2014-2015



Nafn: _____

Merktu með númeri 1 – 6 þá vallýsingu sem þér líst best á. 1 merkir það sem þú hefur mestan áhuga á. 6 merkir að það sé sú valgrein sem þú vilt síst af þeim sex sem þú merktir við. Settu tölustafinn í reitinn þar sem heiti valgreinarinnar stendur.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Franska



Setjið númer (1-6) í þennan reit á valblöðunum

Kennari:

Ina Leverköhne

Viðfangsefni:

Franska sem tungumál – hlustun, framburður, samskipti, lestur og ritun. Fást verður við bóklegt námsefni svo og námsleiki (úr framhaldsskóla og/eða af alnetinu) með aðstoð kennara, ýmist í hópavinnu og einstaklingsvinnu. Ýmis þemu (s.s. einföld samtöl, tölur, litir, fjölskyldan, matur, áhugamál) tekin fyrir.

Markmið:

Nemendur kynnast frönskunni, fá aðeins innsýn í og tilfinningu fyrir hljómi, stafsetningu, málfræði og daglegu tali eða algengum setningum, einkum í sambandi við ákveðin grunnþemu. Valnámskeið á að hjálpa nemendum með að átta sig á hvort þeir vilji læra meira í frönskunni seinna meir, s.s. í framhaldsskóla.

Námskeiðslýsing:

Nemendur fást við fjölbreytt verkefni tengd frönskunni og á frönsku. Nemendur vinna munnlega, skriflega (orða- og setningabókin mín) og verklega (námsleikir, veggspjöld).

Námsmat:

Símat, kennari fylgst allan tíma með mætingu, áhuga, virkni og árangur nemenda.

Mat á vinnubókum, veggspjöldum og öðru sýnilegu afkasti náms.

Sjálfsmat nemenda.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Þýska

Kennari:

Ina Leverköhne

Viðfangsefni:

Þýska sem tungumál – hlustun, framburður, samskipti, lestur og ritun. Fást verður við bóklegt námsefni svo og námsleiki („Ping Pong 1“, les- og vinnubók) með aðstoð kennara, ýmist í einstaklingsvinnu, paravinnu og hópavinnu. Ýmis þemu (s.s. einföld samtöl, tölur, litir, fjölskyldan, matur, áhugamál) tekin fyrir.

Markmið:

Nemendur kynnast þýskunni, fá aðeins innsýn í og tilfinningu fyrir hljómi, stafsetningu, málfræði og daglegu tali eða algengum setningum, einkum í sambandi við ákveðin grunnþemu. Valnámskeið á að hjálpa nemendum með að átta sig á hvort þeir vilji læra meira í frönskunni seinna meir, s.s. í framhaldsskóla.

Námskeiðslýsing:

Nemendur fást við fjölbreytt verkefni tengd þýskunni og á þýsku. Nemendur vinna munnlega, skriflega (vinnubók) og verklega (námsleikir, veggspjöld).

Námsmat:

Símat, kennari fylgst allan tíma með mætingu, áhuga, virkni og árangur nemenda.

Mat á vinnubókum, veggspjöldum og öðru sýnilegu afkasti náms.

Sjálfsmat nemenda.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Enska

Kennari:

Ina Leverköhne

Viðfangsefni:

Dýpkandi enskunám fyrir áhugasama nemendur – rætt og skrifað verður **einungis á ensku!** Fást verður mikið við umræður og rökræður á ensku en einnig við bóklegt námsefni (t.d. í sambandi við málfræði og orðaforða) svo og námsleiki með aðstoð kennara, oftast í hópavinnu en einnig í paravinnu og einstaklingsvinnu. Ýmis þemu (s.s.fréttir, áhugamál, álítamál, ferðalög, upplifanir) tekin fyrir.

Markmið:

Nemendur dýpka nám sitt í enskunni, einkum með því að nota hana eingöngu. Þeir auka hæfni sinni í sambandi við hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn og ritun. Valnámskeiðið á að auka öryggi nemendanna við að vera ófeimnir að tala og skrifa á ensku og efla jákvætt viðhorf þeirra til frekara enskunáms.

Námskeiðslýsing:

Nemendur fást við fjölbreytt verkefni tengd enskunni og eingöngu á ensku. Nemendur vinna aðallega munnlega (umræður) og verklega (námsleikir) en einnig skriflega (ritunar- og málfræðiæfingar).

Námsmat:

Símat, kennari fylgst allan tíma með mætingu, áhuga, virkni og árangur nemenda við notkun enskunnar.

Mat á öllu sýnilegu afkasti náms.

Sjálfsmat nemenda.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Sérfræðingur á mínu áhugasviði

Kennari:

Ina Leverköhne

Viðfangsefni:

Sjálfvalin áhugasvið – fræðslubækur, fræðslumyndir, alnetið, e.t.v. vettvangsathuganir

Markmið:

Að efla áhuga og þekkingu nemenda á völdu sviði.

Að auka færni nemenda að afla sér- og vinna úr upplýsingum af ýmsu tagi.

Að þjálfa nemendur í að búa til kynningu og nota hana til að fræða hópinn.

Námskeiðslýsing:

Nemendur velja sér áhugasvið í samræmi við kennara og gerast sérfræðingar á því sviði á ýmsan hátt (sjá viðfangsefni).

Sérfræðingar fræða samnemendur og kennara á munnlegan og myndrænan eða annars konar sýnilegan hátt um áhugasvið sitt (s.s. með glærukynningu, myndbandi, líkan).

Áætlað er að u.þ.b. tveir þriðju af tímanum fara í gagnasöfnun og úrvinnslu úr gögnum en einn þriðji í kynningarnar (fer eftir hópstærð).

Námsmat:

Símat, kennari fylgst allan tíma með mætingu, áhuga, virkni og árangur nemenda.

Mat á kynningunni.

Sjálfsmat nemenda.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Höfum gaman - göngum saman!

Kennari:

Ina Leverkusen

Viðfangsefni:

Göngutúrar í nágrenni Þórshafnar – milli fjalls og fjöru

Markmið:

Að efla áhuga nemenda á elsta og sígilda ferðamata heims.

Að auka líkamlegt úthald nemenda.

Að tengja nemendur betur við veðurfar, náttúru og nánasta umhverfi sitt.

Námskeiðslýsing:

Nemendur velja sjálfir áfangastaði í samræmi við kennara. Það verður farið út alla tíma og nemendur þurfa því að mæta ætíð í viðeigandi útifötum og skófatnaði! **Ef nemandi mætir ekki í viðeigandi fötum telst kennslutíminn sem fjarvist.**

Eftir áfangastað göngutúra má búast við því að nemendur verði stundum lengur en töflusettan tíma og fái stundum frí í staðinn.

Hópstærð er 6 nemendur að hámarki. **Farið verður á einkabíl kennara og þurfa foreldrar að samþykka það.**

Námsmat:

Símat, kennari fylgst allan tíma með mætingu, áhuga og virkni nemenda.

Sjálfsmat nemenda.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Dýrafræði

Kennari:

Ina Leverkusen

Viðfangsefni:

(Sjálf)valin dýr – fræðslubækur, fræðslumyndir, alnetið, e.t.v. vettvangsathuganir eða krufningar

Markmið:

Að efla áhuga og þekkingu nemenda á völdum dýrum.

Að auka færni nemenda að afla sér- og vinna úr upplýsingum af ýmsu tagi.

Að þjálfva nemendur í að búa til og útskýra hugtakakort og veggspjöld.

Námskeiðslýsing:

Nemendur velja sér (uppáhalds)dýr og gerast sérfræðingar um það/þau á ýmsan hátt og með aðstoð kennara. Sem dæmi lesa nemendur sér til, horfa á fræðslumyndir og skoða eða kryfja dýr.

Nemendur búa til hugtakakort og veggspjöld um dýr sitt/sín og kynna það/þau fyrir samnemendum og kennara.

Námsmat:

Símat, kennari fylgst allan tíma með mætingu, áhuga, virkni og árangur nemenda.

Mat á hugtakakortum, veggspjöldum og kynningu á þeim.

Sjálfsmat nemenda.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Notum sparkvöllinn óspart!

Kennari:

Ina Leverköhne

Viðfangsefni:

Fótbolti og aðrir (bolta)leikir á sparkvöllinum

Markmið:

Að efla áhuga nemenda á útiveru og hreyfingu.

Að auka líkamlegt úthald nemenda.

Að efla hópkennd og samvinnu nemenda.

Námskeiðslýsing:

Nemendur fara í fótbolta og aðra (bolta)leiki á sparkvöllinum.

Það verður farið út alla tíma og nemendur þurfa því að mæta ætíð í viðeigandi útifötum og skófatnaði! **Ef nemandi mætir ekki í viðeigandi fötum telst kennslutíminn sem fjarvist.**

Námsmat:

Símat, kennari fylgst allan tíma með mætingu, áhuga og virkni nemenda.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Stafræn ljósmyndun

Kennari:

Ina Leverköhne

Viðfangsefni:

Stafræn ljósmyndun – inni og úti – og úrvinnsla úr myndunum

Markmið:

Að efla eftirtekt og áhuga nemenda á efni til ljósmyndunar í nærumhverfi sínu.

Að efla færni nemenda í ljósmyndatöku og úrvinnslu úr myndunum.

Að efla samvinnu nemenda.

Námskeiðslýsing:

Nemendur nota eigin stafrænar myndavélar. Þeir þjálfast í að taka myndir í tímum og heima, bæði inni og úti. Nemendur færa myndirnar yfir í tölvu og vinna með þær með aðstoð kennara. Valnar myndir verða prentaðar út og sýndar á göngum skólans.

Styðst verður við ritið „Stafræn ljósmyndun“ eftir Karli Jeppesen og Marteini Sigurgeirssyni (http://vefir.nams.is/stafræn_ljosmyndun/staf_ljos_nem.pdf).

Námsmat:

Símat, kennari fylgst allan tíma með mætingu, áhuga, virkni og árangur nemenda.

Jafningjamat á ljósmyndum, bæði hráefninu og útprentuðu myndunum .

Sjálfsmat nemenda.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Fjármálalæsi

Kennari:

Ásdís Hrönn Viðarsdóttir

Viðfangsefni: Skoðaðar verða leiðir til að efla fjármálalæsi hjá nemendum

Markmið: - að nemendur:

- geri sér grein fyrir kostnaði vegna eigin neyslu
- geti tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu
- verði gagnrýnir neytendur
- verði læs á tilboð og auglýsingar sem hvetja til neyslu
- geri sér grein fyrir og geti gert áætlun um sparnað og útgjöld
- geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi

Námskeiðslýsing:

Kennsluaðferðir sem nýttar verða eru m.a. umræður, athuganir, myndbönd, verkefnavinna (skrifleg og munnleg).

Námsmat:

Vinna og virkni í tíma: 50%

Verkefnaskil: 50%



Klettlifur (klifurveggur)

Hvar verða tímarnir?

Tímarnir verða í íþróttahúsinu og er alltaf mæting þar.

Markmið:

Að nemandinn öðlist þekkingu á þeim öryggisreglum sem fylgja þarf þegar klifrað er, þekki og kunni að nota þann búnað sem fylgir klifri. Að hæfni nemandans í klifri og klifurtækni aukist.

Viðfangsefni:

Farið verður í helstu hnúta sem notaðir eru í klifri, notkun búnaðar, uppsetningu trygginga, hvernig maður ber sig að við að tryggja aðra, klifurtækni og sig.

Verklag:

Fyrirlestur, umræður, verklegar æfingar og sýnikennsla.

Kennari:

Þorsteinn Ægir Egilsson





Hvað er skólahreysti?

Skólahreysti er liðakeppni milli grunnskóla landsins. Hvert lið samanstendur af tveimur strákum og tveimur stelpum sem öll þurfa að vera nemendur í 9. og/eða 10. bekk síns skóla. Keppt er í eftirfarandi keppnisgreinum:

- Upphífungum (strákar)
- Armbeygjum (stelpur)
- Dýfum (strákar)
- Hreystigreip (stelpur)
- Hraðþraut (strákar og stelpur)

Keppendur skipta á milli sín keppnisgreinum. Annar strákurinn spreytir sig á upphífungum og dýfum meðan hinn keppir í hraðþrautinni. Hjá stelpunum er hið sama uppi á teningnum: Önnur stúlkan keppir í armbeygjum og hreystigreip, en hin tekur þátt í hraðþrautinni. Tveir skólar keppa samtímis í hverri þraut fyrir utan hreystigreip, en þar takast á fimm til átta skólar í einu.

Í hraðþrautinni fer stelpa fyrst af stað og þegar hún lýkur hringnum má strákurinn fara af stað í sinn hring. Samanlagður tími þeirra er keppnistími liðsins.

Leiðin í úrslitin

Þar sem mikill fjöldi skóla tekur þátt í keppninni er nauðsynlegt að viðhafa undankeppnir til að ákvarða hvaða skólar keppi í úrslitakeppninni sjálfri í lok keppnistímabilsins. Undankeppnirnar eru 10 talsins og eru þær svæðisbundnar, þ.e. skólar frá sama landssvæði keppa innbyrðis sín á milli. Einn skóli frá hverju landssvæði öðlast þátttökurétt í úrslitunum, en tveir árangurshæstu (ekki endilega stigahæstu) skólarnir af þeim sem enda í 2. sæti í sínum riðli fá svokölluð uppbótasæti í úrslitunum. Heildarfjöldi skóla í úrslitum Skólahreysti er því 12.

Hvar verða tímarnir?

Tímarnir verða í íþróttahúsinu og er alltaf mæting þar. **Þeir sem velja Skólahreysti eru í því allan veturinn og ekki er hægt að skipta í annað á miðjum vetri.**

Markmið:

Markmið með þessu vali er að efla líkamlegt hreysti, félagslega færni nemenda við kennara, samnemendur sína og aðra nemendur frá öðrum skólum og sjálfsaga. Skólahreysti er vettvangur pílta og stúlkna þar sem framtak einstalingsins og samheldni liðsheildar skilar árangri í heilbrigðri og skemmtilegri íþrótt. Þrátt fyrir að keppnin sé einungis fyrir 9 og/eða 10. bekk þá verður 7 og 8. bekk boðið að taka þátt í æfingum (vali) í vetur því það eflir áhuga þeirra barna að taka þátt í þessu verkefni þegar þau komast í 9. bekk og keppa fyrir sinn skóla.



Viðfangsefni:


Farið verður yfir reglur og fyrirkomulag keppninnar. Skoðuð verður heimasíða keppninnar og opnar umræður verða um allt sem tengist þessu verkefni.

Verklag:

Skólinn er búin að fá að gjöf þann búnað sem keppt er með í skólahreysti og verður hann óspart notaður við æfingar í vetur. Fyrir utan að nota búnaðinn til æfinga verða líka tímar þar sem verður stöðvabjálfun, hlaup, styrktaræfingar og fl.

Kennari:

Þorsteinn Ægir Egilsson



Bundið
val!

Skyndihjálparapp

Hvar verða tímarnir?

Tímarnir verða í skólanum(skólastofu) og er alltaf mæting þar.

Markmið:

Námskeiðið er ætlað öllum sem vilja læra og kynna skyndihjálparapp og endurlífingun og öðlast öryggi, færni og þekkingu í að veita nærstöddum aðstoð í bráðatilfellum með því að beita á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálparapp.

Viðfangsefni:

Kynning: hvað er skyndihjálparapp?

Undirstöðuatriði: streita í neyðartilfellum, tilfinningarleg viðbrögð eftir að hafa veitt skyndihjálparapp, sálrænn stuðningur og að forðast sýkingar.

Fjögur skref skyndihjálpar: tryggja öryggi á vettvangi, meta ástand slasaðra eða sjúkra, sækja hjálparapp og veita skyndihjálparapp.

Grunnendurlífingun og sjálfvirkt hjartastuð: að athuga viðbrögð, að opna öndunarveg, að athuga öndun, hjartahnoð og blástursaðferð, sjálfvirkt hjartastuð (AED), endurlífingunarkerfið, hliðarlega og losun aðskotahlutar úr öndunarvegi.

Skyndihjálparapp: Áverkar; innvortis- og útvortis blæðingar, sár, brunasár, áverkar á höfði, hálsi eða baki, áverkar á beinum, vöðvum eða liðum, eitranir hitaslag/hitaörmögnun og ofkæling.

Bráð veikindi: brjóstverkur (hjartaáfall), bráðaofnæmi, heilablóðfall, flog, sykursýki og öndunarerfiðleikar (astma).

Skyndihjálparapp framhald: nánari líkamsskoðun, eitrun, blóðnasir, lost, sár og sáraumbúðir, raflost, höfuðáverkar, tannáverkar, skorðun á hrygg, áverkar á brjóstakassa og kvið, vöðvakrampar, sýklasótt.

Þrátt fyrir mörg atriði þá verður farið mis mikið í þau þ.e.a.s. sumt er batra að kunna en annað.

Verklag: Fyrirlestur, umræður, verklegar æfingar og sýnikennsla.

Kennari: Þorsteinn Ægir Egilsson



Stuttmyndagerð



Kennt er á upptökuforrit í Ipad og veittar eru leiðbeiningar um undirstöðuatriði í klippingu. Hópurinn vinnur síðan handrit, skipar í hlutverk og stjórnar upptöku og leikstjórn. Að tókum loknum er efnið klippt, hulstur hannað utan um mynddisk og myndin frumsýnd. Notaðar eru Ipadar, tölvur og skjávarpar. Kunnátta í ritun nýtist vel í handritsgerðinni en einnig reynir á skipulagshæfni og samvinnuhæfileika í verkefninu sjálfu

Að kynast því ferli sem farið er í gegnum þegar stuttmynd er búin til.

- Koma myndefni frá sér á áhugaverðan og fjölbreyttan hátt.
- Vinna með öðrum að sameiginlegu markmiði.
- Að skilja mikilvægi þess að undirbúa vel handrit og tókustað áður en upptökur hefjast.
- Að þekkja möguleika klippi-forritsins Windows Movie Maker og að geta notað það á eigin forsendum.


Kennari:

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Jarðsaga (jarðsögutímabil og jarðsaga Íslands)

Í þessu vali ætlum við að kynnst jarðsögu. Þekkjja jarðsögutímabilin og læra allt um jarðsögu Íslands. Við ætlum að dýpka skilning okkar á jarðsögu og reyna að setja jarðsöguna og atburði hennar í samhengi við jarðfræðileg ferli. Nemendur skulu læra um uppruna, myndun og aldur jarðar auk þess að læra á jarðsögutöfluna og þekkjja helstu einkenni hvers tímabils, t.d Júratímabil → Risaeðlur ☺

Jarðsaga: er fræðigrein sem fjallar um tilurð Jarðar ásamt vatns- og gufuhvolfi hennar. Hún rekur sögu bergs og lífs með aðstoð hinna ýmsu fræðigreina jarðfræðinnar.



Kennari:

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Heilabrot og Hugkvæmni



Stærðfræðiþrautir og leikir

Í þessu vali eiga nemendur að glíma við ýmsar skemmtilegar stærðfræðiþrautir. Þrautirnar geta verið nokkuð þungar og er það því gott tækifæri fyrir okkur að skoða vinnubrögð og afstöðu til stærðfræðiþrauta.

Við skulum sína stærðfræðiþrautunum áhuga og hafa gaman, þrautirnar eru bráðskemmtilegar og verða enn skemmtilegri þegar við erum búin að leysa þær í sameiningu.

Gott er að hafa í huga að þegar leysa á stærðfræðiþrautir er gott að gera þær í nokkrum skrefum.


Fyrsta skrefið er að lesa og skilja þrautina, átta sig á því í hverju hún felst. Annað skrefið er að íhuga hvaða leiðir eru mögulegar til að leysa þrautina og að velja eina slíka leið. Þriðja skrefið er að reyna að leysa þrautina með þeirri aðferð sem valin hefur verið og lokaskrefið er að athuga hvort lausnin sé sú rétta.

Stærðfræðisnillingar eyða miklum tíma í fyrstu tvö skrefin, þ.e. þeir eyða löngum tíma í að reyna að skilja þrautina og velta fyrir sér hvaða leiðir eru mögulegar til að leysa hana. Byrjendum hættir hins vegar til að byrja strax að reikna, án þess að velta vöngum yfir því hvaða leið sé best. Við ætlum að æfa þetta í litlum hópum, ræða þrautina þar til við finnum lausnina saman og skilningur hefur fengist á þrautinni. Einnig að ræða hvaða leiðir eru mögulegar þar til allir eru orðnir sammála um hvaða leið sé heppilegust.

Kennari:

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Efnafræði



Í þessu vali lærum við efnafræði, þar sem kennari heldur fyrirlestra og gerir sýnitraunir. Nemendur gera tilraunir þar sem það á við. Verkefni leyst samkvæmt verkefnum frá kennara. Nemendur vinna tveir og tveir saman og eru látnir fylgjast að í námsefninu. Miklar áherslur eru lagaðar á að nemendur kunni að gera skýrslu eftir hverja tilraun og þekki : Efnablöndur, hreint efni, efnasamband, frumeindakennningin, frumeind, sameind, hamskipti, efnahvarf, sameindalíkan, efnaformúla, byggingaformúla, efnajafna, stilling efnajafna, loftþjúpur jarðar, hringrás helstu efna, bruni, ljóstillífun, þáttur súrefnis í ryðgun járns, oxun, jónir og myndun þeirra, eiginleikar salta, sýrur og basar, helstu eiginleikar málma, ál og álframleiðsla

Markmið

- Að nemendur læri undirstöðuatriði almennrar efnafræði og séu að námi loknu vel undirbúnir að takast á við skylduáfangu fyrsta árs í efnafræði framhaldsskólanna.
- Að nemendur læri muninn á efnablöndu, hreinu efni og efnasambandi.
- Að nemendur læri frumeindakennunguna og helstu grunnhugtök efnafræðinnar.
- Að nemendur skilji efnahvörf og geti lýst þeim með sameindalíkönunum, efnaformúlum og efnajöfnum.
- Að nemendur skilji og geti lýst bruna og ljóstillífun m.a. með hjálp efnaformúla og efnajafna.
- Að nemendur læri um þátt súrefnis í ryðgun járns og læri almennt um eðli oxunar málma.
- Að nemendur læri um jónir og myndun þeirra.
- Að nemendur þekki eiginleika salta.
- Að nemendur læri um sýrur og basa.
- Að nemendur læri um helstu eiginleika málma.

Kennari:

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Bundið
val !

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014-15

Valgrein:

Handmennt (textíl, smíðar, málmsmíði/skartgripagerð, bókagerð svo eitthvað sé nefnt)

Kennari:

Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Viðfangsefni:

Nemendur koma sjálfir með hugmyndir

Markmið:

Að nemendur kynnist ólíkum efnivið hvort heldur sem hann er notaður eða nýr.

Námskeiðslýsing:

Ein klukkustund á viku.

Kennari aðstoðar nemanda við að útfæra það verkefni sem nemandi óskar að því gefnu að það sé raunhæft ☺

Námsmat:

Hegðun nemanda, ástundun og áhugasemi og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014-15

Valgrein:
Olíumálun á striga

Kennari:
Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Viðfangsefni:
Máluð er ein mynd á blindamma.

Markmið:
Að nemendur meðhöndli olíumálningu og kynnist meðferð hennar.

Námskeiðslýsing:
Nemendur gera skissur á pappír og síðan ein mynd valin og færð á striga og máluð með olíumálningu.
Ein klukkustund á viku.

Námsmat:
Hegðun nemanda, ástundun og áhugasemi og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014-15

Valgrein:

Leirmótun

Kennari:

Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Viðfangsefni:

Nemendur gera ýmsa hluti úr leir, bæði nytjahluti og skúlptúra

Markmið:

Að nemendur læri að meðhöndla og vinna úr leir.

Námskeiðslýsing:

Unnin eru verkefni frá kennara og einnig vinna nemendur útfrá eigin hugmyndum.

Ein klukkustund á viku.

Námsmat:

Hegðun nemanda, ástundun og áhugasemi og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:

Nordplus

Kennari:

Vilborg Stefánsdóttir og Nik Peros

Viðfangsefni:

Vinna að Nordplus verkefni skólans sem er samstarfsverkefni vinaskóla okkar í Eistlandi og Lettlandi.

Markmið:

Móttaka nemenda frá vinaskólum, vinna í markmiðum verkefnisins og heimsókn til vinaskólanna.

Námskeiðslýsing:

Nemendur vinna náið með kennurum í undirbúningi og skipulagningu fyrir heimsóknir til okkar og heimsóknir til vinaskólanna. Nemendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og í hópum.

Unnið er að markmiðum verkefnisins sem er útgáfa bókar sem fjallar um menningu og matarvenjur þátttökulandanna. Nokkur vinna er á milli heimsókna við efnistösk og uppsetningu efnis.

Nemendur koma til með að vinna með kennurum utan skólatíma. Sérstaklega þegar kemur að heimsóknum. Heimsóknir eru áætlaðar til Íslands í september og maí. Til Eistlands og Lettlands í janúar og maí/júní.

Með vali á Nordplus er nemandi að binda sig við það val á öllum þremur valönnunum. Nemendur úr Nordplus ganga fyrir í val þess hóps sem mun ferðast til samstarfslandanna.

Námsmat:

Nemendur fá umsögn um virkni og áhuga í tímum og í hópastarfi.

Bundið
val!

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014-15

Valgrein:

Heimilisfræði

Kennari:

Nik Peros

Viðfangsefni:

Unnið með næringafræði, heilsu og matreiðslu.

Markmið:

Að nemendur þjálfist í að velja um hollt mataræði og góða matreiðslutækni.

Námskeiðslýsing:

Í lok hvernar annar munu nemendur halda matarboð fyrir foreldra/aðstandendur þar sem þau framreiða mat í tengslum við yfirferð annarinnar.

Ein klukkustund á viku. (1,5 kesti)

Námsmat:

Nemendur fá umsögn um virkni og áhuga í tímum og í hópstarfi.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014-15

Valgrein:

Norræn goðafræði

Kennari:

Hanna María Pétursdóttir

Viðfangsefni:

Norræn goðafræði tengsl hennar við menningu dagsins í dag. 1,5 kest Ein valönn

Markmið:

Kynnast fornum menningarverðmætum sem tengjast goðafræðinni og tengsl þeirra við daginn í dag.

Fræðast um norræna goðafræði fyrr og nú

Kynnast fornum og nýjum trúarsíðum ásatrúar

Kynnast því hvernig norræn goðafræði kemur fram í kvikmyndum, tónlist, tölvuleikjum teiknimyndasögum, skreytilist, bókmenntum, - já hvar sem er í menningu ungra sem eldri í dag.

Námskeiðslýsing:

Unnið er eftir áhugasviði nemenda, farið í grunn norrænu goðafræðinnar, og fjölbreytt birtingarform hennar í dægurmenningu okkar.

Námsmat:

Ástundun, símat kennar og nemenda. Jafningjamat, verkefni, vinna og frumkvæði nemenda verður metið jafnt og þétt.

Grunnskólinn á Þórshöfn - Valgreinar á 1. Valönn 2014/15

Valgrein:
Leðursaumur

Kennari
María Guðmundsdóttir

Viðfangsefni:
Pennaveski / snyrtibudda

Markmið:
Að nemendur :
-kynnist verkfærum sem notuð eru við leðursaum
-vinni með sauðskinn og roð
-geti hannað einfalt veski
-læri að lita leður

Námskeiðslýsing

Nemendur hanna einfalt pennaveski eða snyrtibuddu úr leðri. Læra að sauma með tveimur nálum og geti markað fyrir leðursaum. Ef nemendur vinna hratt og vel geta þeir jafnvel saumað belti eða annan hlut að eigin vali.

Námsmat:

-Vinna og ástundun í tímum er metin til einkunna.
-Vandvirkni er metin til einkunna
-Frumleiki og sköpun er metin til einkunna